

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar um greiðslur fyrir veiðiheimildir 1996/1997 til 2000/2001.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru heildargreiðslur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 fyrir keyptar veiðiheimildir, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir?*
2. *Hverjar voru heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga í einstökum sveitarfélögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001 afsölu veiðiheimilda, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda?*
3. *Hverjar voru heildargreiðslur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem greiddu mest fyrir veiðiheimildir á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar fyrir aflamark og hins vegar fyrir aflahlutdeildir, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?*
4. *Hverjar voru heildartekjur þeirra 50 fyrirtækja og einstaklinga á landinu öllu sem mestar tekjur höfðu af sölu veiðiheimilda á fiskveiðiárunum 1996/1997 til 2000/2001, annars vegar aflamarks og hins vegar aflahlutdeilda, sundurliðað eftir fyrirtækjum og einstaklingum?*

Svo sem sjá má er fyrirspurnin í tveimur meginhlutum. Annars vegar er spurt í tveimur fyrri töluliðunum um heildargreiðslur og heildartekjur fyrirtækja og einstaklinga vegna viðskipta með aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir, á fiskveiðiárunum 1996/1997 til og með 2000/2001. Hins vegar er í síðari tveimur töluliðum spurt um sambærilegar upplýsingar um viðskipti 50 stærstu aðilanna á sama tímabili.

Umtalsverð vinna var lögð í að rannsaka hvort hægt væri að svara fyrirspurninni á viðhlítandi hátt. Niðurstaðan er sú að svo sé ekki, sem nú skal skýrt:

1. Engar upplýsingar hafa verið skráðar um verð á aflahlutdeildum enda er ekki, né hefur verið, mælt fyrir um slíka skráningu í lögum.
2. Samræmdar upplýsingar um verð á aflamarki eru heldur ekki til nema á hluta þess tímabils sem hér um ræðir, eða þann tíma sem Kvótaþing starfaði (frá 1. september 1998 til 31. mars 2001), sjá töflu. Í töflunni koma fram viðskipti á Kvótaþingi á milli óskilda aðila, þ.e. frá einni kennitölu til annarrar, tilgreint er magn, meðalverð og verðmæti á hverju fiskveiðiári fyrir sig. Alls skiptust aðilar á 239.639 tonna aflamarki á þeim 33 mánuðum sem hér um ræðir. Verðmæti þessa aflamarks var 11,7 milljarðar króna og meðalverð var 48,98 kr./kg. Aflamark í þorski vó langmest í viðskiptum á þinginu eða 75% af öllum viðskiptum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að nokkrar fisktegundir voru undanskildar viðskiptaskyldu á Kvótaþingi og í ýmsum tilvikum var raunverulega verðlað ítrekað með sama aflamarkið.

Í ljósi þessa er ekki unnt á leysa frekar úr spurningum alþingismannsins.

Selt aflamark á Kvótapingi 1.09 1998 - 31.05 2001. Magn, verðmæti og meðalverð tegunda per fiskveiðiaár.
Magn í kg., verð og verðmæti í kr.

HEITI	Fiskveiðiaárið 1998/1999		Fiskveiðiaárið 1999/2000		1.09 2000 - 31.05 2001		Samtals				
	Magn	Meðalverð	Verðmæti	Meðalverð	Verðmæti	Magn	Verðmæti	Meðalverð	Verðmæti		
Porskur	24.864.995	99,27	2.468.453.627	112,40	3.285.692.955	29.301.250	103,16	3.022.594.833	83.397.908	105,24	8.776.741.415
Ýsa	4.885.798	46,34	226.423.195	73,61	358.610.949	3.487.522	86,23	300.738.646	13.244.798	66,88	885.772.790
Ufsi	3.419.882	29,81	101.949.623	34,09	84.790.433	1.998.472	30,07	60.099.388	7.905.461	31,22	246.839.444
Karfi	4.350.602	40,66	176.916.687	39,66	217.519.148	3.861.637	40,06	154.696.442	13.696.380	40,09	549.132.277
Steinbitur	2.240.000	22,16	49.641.955	33,98	66.978.383	1.856.544	29,78	55.283.539	6.067.397	28,33	171.903.877
Úthafskarfi utan	322.626	31,74	10.240.336	5,63	322.765				379.979	27,80	10.563.101
Grálúða	778.016	93,12	72.448.735	105,50	57.439.064	517.729	99,62	51.578.472	1.840.202	98,61	181.466.271
Skarkoli	2.148.757	44,73	96.105.482	105,96	85.210.160	966.995	105,75	102.262.184	3.919.889	72,34	283.577.826
Pykkvalúra				78,79	15.067.037	127.993	69,55	8.901.891	319.220	75,09	23.968.928
Langlúra	183.734	39,42	7.242.882	43,07	5.828.483	70.549	40,89	2.884.424	389.599	40,95	15.955.789
Sandkoli	997.549	18,15	18.109.162	22,23	33.240.234	466.033	20,70	9.647.993	2.958.767	20,62	60.997.389
Skráplúra	1.028.871	15,18	15.620.938	22,03	14.534.433	489.732	21,53	10.542.086	2.178.468	18,68	40.697.457
Sild	4.802.000	5,31	25.512.000	4,95	49.735.000	18.530.000	4,93	91.358.000	33.371.000	4,99	166.605.000
Loðna	42.089.000	0,29	12.100.000	1,55	15.992.000				52.355.000	0,54	28.032.000
Humar	38.991	398,70	15.545.572	447,66	8.952.263	5.030	484,92	2.439.150	64.019	420,77	26.936.985
Úthafsrækja	5.271.280	3,62	19.106.582	11,87	64.883.719	2.550.085	27,67	70.552.081	13.289.027	11,63	154.542.382
Flæmingjarækja	1.877.326	30,92	58.040.989	30,37	39.455.426	986.135	21,28	20.983.879	4.162.686	28,46	118.480.294
Porskur - NL	55.000	37,73	2.075.000	38,00	71.934				56.893	37,74	2.146.934
Úthafskarfi innan				26,00	7.046.000	96.021	28,00	2.688.588	367.021	26,52	9.734.588
Alls	99.354.427	33,97	3.375.532.765	58,59	4.411.310.386	65.311.727	60,74	3.967.251.596	239.963.714	48,98	11.754.094.747